



Til leikskólanefndar

Kópavogi, 13. nóvember 2025
25032763/002.09 SHJ

Efni: Innritun um áramót 2025 - 2026

Samantekt á innritunarferli

Innritun fyrir skólaárið 2025–2026 gekk vel. Í fyrstu úthlutun fengu börn fædd í júní 2024 úthlutað leikskólarými. Í tveimur hverfum, Kársnesi og við Arnarsmára í Smárahverfi, reyndist þó erfitt að koma öllum börnum fyrir í hverfisskólum. Þau börn sem ekki komust að í sínum hverfisskóla fengu pláss í lausum rýmum í efri byggðum. Alls voru 87 börn sem þurftu að fara í aðra skóla en sinn hverfisskóla, flest þeirra í efri byggðir, þrátt fyrir að 40 ný rými hafi bæst við í nýjum Barnaskóla Kársness.

Í ágúst fór seinni úthlutun fram og var þá börnum fæddum í júlí 2024 boðið pláss á leikskóla. Flest laus pláss í seinni úthlutun voru í efri byggðum og var þá börnum sem fengið höfðu pláss utan hverfis boðið að færa sig í skóla nær heimili.

Um áramót verður bætt við um 20 rýmum í Barnaskóla Kársness. Þessi rými verða nýtt bæði fyrir börn sem óska eftir flutningi og fyrir nýjar umsóknir í Barnaskóla Kársness.

Áhrif á aðra leikskóla og forgangsroðun

Viðbótarrýmin leiða til þess að laus rými myndast í nokkrum leikskólum Kópavogs, þegar börn þaðan flytjast yfir í Barnaskóla Kársness. Lagt er til að þau börn sem fengu pláss í leikskóla utan hverfis fái forgang í þessi rými, með sérstakri áherslu á systkini, þar sem foreldrar eru oft að keyra langar vegalengdir milli heimilis og skóla.

Þessi fjölgun rýma skapar jafnframt svigrúm til að bjóða yngri börnum inn í leikskóla Kópavogs. Börn fædd í ágúst 2024 fá því boð um leikskólavist um áramótin, þó ekki endilega í sínum hverfisskóla.

Virðingarfyllst,

Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

